Alþingi
Erindi nr. Þ 135/165
komudagur 13.11.2007

Alþingi
bt. viðskiptanefndar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

*12. nóvember 2007*
*Tilvísun: 2007110027*

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs viðskiptanefndar Alþingis, dags. 1. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 95. mál, álagningarstofn eftirlitsgjalds.

Fjármálaeftirlitið styður efni frumvarpsins. Í fylgiskjölum með frumvarpinu er að finna ítarlegar upplýsingar um rekstur og horfur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Ef eitthvað er hefur vöxtur fjármálakerfisins verið hraðari en þar er gert ráð fyrir.

Fjármálaeftirlitið mun kynna ársskýrslu sína fyrir tímabilið 1. júlí 2006 - 30. júní 2007 á ársfundi sínum þann 27. nóvember nk. Skýrslan verður þá samtímis send Alþingi. Í henni verður gefið ítarlegt yfirlit yfir starfsemi eftirlitsins og áhersluatriði, stöðu og þróun fjármálamarkaða og hið fjölþjóðlega umhverfi sem Fjármálaeftirlitið starfar nú í.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Jónas Fr. Jónsson* *Ragnar Hafliðason*

Suðurlandsbraut 32 108 Reykjavík • Sími 525 2700 • Bréfsími 525 2727 • e-mail: fme@fme.is